



ÖLFUS

Deildarstjóri óskast á heimili fatlaðs fólks

Deildarstjóri óskast í 100% starf á heimili fatlaðs fólks að Selvogsbraut 1 í Þorlákshöfn. Starfað er samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, nr.38/2018. Unnið er á þrískiptum vöktum. Hlutverk deildarstjóra er m.a. að bera faglega ábyrgð á daglegri þjónustu við sérhvern notanda sem býr í íbúðakjarnanum í samræmi við einstaklingsáætlanir og skilgreind markmið heimilisins. Deildarstjóri ber ábyrgð á daglegri starfsemi á heimilinu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ber ábyrgð á daglegri starfsemi í íbúðakjarnanum.
- Veitir ráðgjöf til íbúa og starfsmanna og heldur utan um fræðslu.
- Ber ábyrgð á gerð og framkvæmd einstaklingsáætlana í samstarfi við forstöðumann og íbúa.
- Er staðgengill forstöðumanns.
- Önnur verkefni skv. starfslýsingu og sem yfirmaður felur starfsmanni.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar eða önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, frumkvæði og metnaður í starfi.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og góðir skipulagshæfileikar.
- Framvísun á sakavottorði er krafist í ráðningaferlinu.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 10. september n.k.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skilað rafrænt á www.olfus.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kolbrún Jóhannsdóttir, kolbrun@olfus.is eða í síma 483-3844.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Sveitarfélagið Ölfus er framsækið sveitarfélag og leggur ríka áhersla á góðan starfsanda á vinnustað. Þá er leitast við að auka möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Sveitarfélagið Ölfus